

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR Endurvinnslan ehf Hvalfjörður



Dags eftirlits	30.5.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	GMR Endurvinnslan ehf	Eftirlitsmaður	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Tangavegi 7	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5406101930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Daði Jóhannesson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í fyrirvaralaus eftirlitinu kom fram eitt nýtt frávik frá starfsleyfi þar sem að töluvert magn af úrgangi hafði bæst við hráefnishaug GMR Endurvinnslu á nærliggjandi lóð. Auk þess kom í ljós að upplýsingar frá rekstraraðila um að bætt hefði verið úr eldri frávikum, er varða að koma hráefni í hráefnisgeymslur, voru rangar og ekki var sýnilegt að unnið væri að úrbótum þess, enþá eru bæði hráefni og úrgangur á lóð GMR og á nærliggjandi lóðum. Einnig kom fram að enþá er framleiðsluúrgangi safnað upp á lóð GMR þrátt fyrir upplýsingar um að hann væri allur kominn í Sorpu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í GMR Endurvinnslu vegna hráefnis og blandaðs úrgangs á lóð GMR og á nærliggjandi lóðum. Samkvæmt tölvupósti frá rekstraraðila frá 7. mars sl. var búið að hreinsa í burt brotajárnshauga sem ekki hentuðu til vinnslunnar og búið að koma öðru hráefni inn. Eftirlitsaðili átti leið um Grundartanga í byrjun maí og hafði samband við rekstraraðila í kjölfarið. Í svarpósti frá 9.mai sl. óskaði rekstararaðili eftir lengri fresti til að ljúka úrbótum fráviks. Óskað var eftir viðbótar mánaðarfresti til að hreinsa brotajárn af nærliggjandi lóð og koma hráefni inn. Ekki var sjáanlegt í eftirlitinu nú að haugurinn færi minnkandi og mun meira var af blönduðum úrgangi við hráefnishaugana en áður m.a. málað efni, hvítmálmur, rafmagnskaplar, bílhæ ofl. Jafnframt kom í ljós að ekki er búið að flytja allan framleiðsluúrgang frá Sorpu (sem Umhverfisstofnun heimilaði sem bráðabirgðalausn) og ekki hefur verið fundinn viðunandi farvegur fyrir úrganginn til framtíðar. Framkvæmdum við malbikun er ekki lokið en rekstraraðili hefur óskað eftir framlengdum fresti til 15. ágúst til að ljúka þeim framkvæmdum.

Frávik frá

Grein 2.1 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Blandaður úrgangur var innan um og saman við hráefnishaug GMR á nærliggjandi lóð. Í úrganginum var m.a. málað brotajárn, rafmagnskaplar, hvítvara og bílhæ. Þessi úrgangur hafði bæst við frá síðasta eftirliti.

ANNAÐ

Haft var samband við Faxaflóahafnir í kjölfar eftirlitsins en þeir eru eigendur lóðarinnar þar sem að úrgangurinn og framleiðsluhaugurinn er geymdur á. Þeir voru upplýstir um að samþykkt úrbótaáætlun rekstraraðila hefði ekki staðist og að bæst hefði í hauginn að undanfögnu.

Reykjavík, 22.06.2016

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.